

Nr. 44
28. nóv.

Lög

um

sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefndinni í Stykkishólmshreppi þjóðjörðina Ögur og eyðiþjóðjörðina Sellón.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti eftir reglum um sölu þjóðjarða til handa ábúendum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.